


Lokaskýrsla vegna styrks úr Þróunarsjóði leik- og grunnskóla
Vestmannaeyja

Útikennsla



Veturinn 2020-2021

Umsjónarkona: Thelma Ósk Sigurjónsdóttir

Ábyrgðaraðili: Helga Björk Ólafsdóttir skólastýra

Leikskólinn Sóli

Heiti verkefnis: Útikennsla

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn: Að auka möguleikann á því að fára hefðbundna innikennslu út. Einnig verður námsefni og efniviður tengdur útikennslu geymdur í rýminu sem eykur aðgengi kennara að því að stunda útikennslu.

Lýsing á verkefni: Áætlað er að koma upp útistofu til kennslu sem mun auka rými í skólastarfinu, nýast í rigningu, roki, snjókomu eða þegar gott er að fá pásu. Nýtist einnig þegar verið að að skoða ákveðna þætti, s.s. þegar unnið er með efnivið sem má illa við því að blotna. Þá nýtist aðstaðan vel fyrir list- og vísindagreinar. Einnig mun útisvæðið í kring verða útbúið sem svo að hægt verði að drllumalla og leika þar sem hentar börnum vel í að skynja umhverfi sitt og mismunandi áferðir.

Áætlun: Við lok verkefnis verður komið útikennslurými sem gæti verið skýli út frá skúr eða tilbúin útistofa. Það er ætlunin að koma upp eldunaraðstöðu, vera með borð og bekki.

Upphof verkefnis: Ágúst 2020

Lok verkefnis: Júní 2021

Leiðir til að ná markmiði: Fá aðila til samstarfs sem getur reist fyrir okkur útikennslurými. Fá aðila til að teikna fyrir okkur hugmyndir. Kaupa efni í verkið.

Hindranir og frávik: Það seinkaði okkur hversu mikið hefur verið að gera hjá iðnaðarfólk hér í eyjum. En við erum búnar að tryggja efnið í verkið og við bindum vonir við að hægt verið að reisa útikennslurýmið sem fyrst. Smiðurinn sem ætlar að vinna þetta verkefni með okkur vonast til þess að ná að steypa grunninn að fullu þegar leikskólanir eru lokaðir sumarið 2021 og verður þá auðveldara að halda áfram með verkið þegar tími gefst inn á milli. Trén á lóðinni geta hindrað okkur í að koma upp eldunaraðstöðu þar sem áætlað er en við sjáum það betur þegar útikennslu rýmið verður fullklárað.

Mat á verkefninu:

Búið er að mæla fyrir stærð hússins og teikna það upp, grafa fyrir því og undirbúa jarðveg. Við munum vinna áfram að þessu verkefni og ætlum að tryggja það að þetta rými verði orðið að kennslusvæði í lok næsta skólaárs.

Afrakstur, ávinnungur fyrir skólastarfið og kynning á verkefninu:

Verkefnið hefur aukið þekkingu í húsi á útikennslu og tilhlökkun er í hópnum að geta nýtt rýmið til kennslu allt skólaárið.

Ráðstöfun styrks:

Heildarupphæð styrks: kr 625.000

- Kr. 425.000 greiddar þann 17. ágúst 2020.
- Kr. 200.000 greiddar við skil á lokaskýrslu sem skilist eigi síðar en 30. júní 2021.

Ráðstöfun styrks: Kostnaður við verkefnið varð meiri en við gerðum ráð fyrir í upphafi þar sem við höfðum ekki smið til aðstoðar við umsóknina. Við munum því nýta alla upphæð styrksins í efniskostnað og fáum vinnuna í sjálfboðastarfi.

Heildarupphæð styrks: 625.000 kr.

Laun (3836 kr) Thelma Ósk 40 tímar	0 kr.
Ráðgjafar, iðnaðarmenn, teikningar	0 kr.
Viður	273.000 kr,-
Steypa	150.000 kr,-
Gluggar	230.000 kr,-
Hurð	150.000 kr,-
Ál og flasningar	400.000 kr,-
Járn á þak	100.000 kr,-
Naglar, skrúfur, boltar og vinklar	100.000 kr,-
Samtals:	kr. 1.403.000 kr.

Hér koma nokkrar myndir frá útikennslunni sem hefur átt sér stað á Sóla frá því haustið 2020.

Hér má sjá tveggja ára drengi æfa sig að ganga í röð fyrir vettvangsferðir framtíðarinnar.



Hér má sjá elstu drengina skoða sig um á hrauninu þar sem jafnvægi, klettaklifur og umhverfislæsi próast.



Hér má sjá elstu stúlkurnar í gönguferð upp á hrauni þar sem þær fundu frosinn poll og skoða hann í þaula en þarna á mikið nám sér stað.



Hér má sjá dreng sem skoðar þær holar sem hraunið hefur upp á að bjóða, þetta athæfi krefst þess að æfa rýmisgreindina sína.



Hér má sjá góða vini í gönguferð upp á hrauni.



Hér má sjá stúlkur klifra upp í hrauninu og æfa þar með klifur, grip og jafnvægi.



Hér má sjá stúlkur upp á hrauni læra um það sem liggur djúpt undir þeim.



Hér eru drengir í vettvangsferð að skoða rústirnar af húsinu Blátind og fræðast um eldgosið í leiðinni.



Hér eru stúlkur í göngu þar sem þær sjá útsýnið yfir allan bæinn okkar.



Hér má sjá tvö afmælisbörn á útisöngfundi í haust.



Hér má sjá tvo elstu hópanna í blöndun þar sem þau eru með uppfvottasápu og örlítið vatn og búa þar til mikla froðu í sameiningu.





Hér má sjá drengi í lok samskonar verkefnis.



Hér má sjá drengi í stærðfræði úti þar sem þeir kasta tening og ná sér í jafnmarga kubba.



Hér má sjá stúlkur og drengi í úti-þrautabraut sem vakti mikla lukku





Hér má sjá drengi í hópefli þar sem þeir búa til flækju með garni og losa sig svo.



Hér má sjá drengi í úti-hugleiðslu þar sem þeir hlusta á umhverfishljóðin og æfa öndun.



Hér má sjá drengi æfa finhreyfingarnar og klippa úti.



Hér má sjá stúlkur í raunveruleikatengdu verkefni þar sem þær þrífa vegginn með penslum, sem er mikið þolinmæðisverk.



Hér má sjá drengi að mála málverk úti sem er mikið þolinmæðisverk þar sem vindurinn ákvað að stríða þeim á meðan.



Hér má sjá ví sindaverkefni sem þrír af elstu hópunum okkar gerðu, þau fundu sér ýmislegt í náttúrunni og settu í box með vatni og létu það vera úti í frostinu yfir nótt.





Hér má sjá frá útidansleik sem haldinn var á Sóla nú í Janúar þar sem börn og kennrar fengu sér popp í kuldánum og dönsuðu dátt fyrir framan þá sem komu að sjá sem var mikil kjarkæfing fyrir okkur öll.





Hér má sjá stúlkur og drengi vinna í sameiningu að því að útbúa tröllasúpu sem var full af allskyns gumsi. Þarna æfðu þau samskipti og samvinnu í frjálsum leik.



Hér eru drengir í raunveruleikatengdu verkefni að þrífa skólann okkar.



Hér eru drengir í frjálsri sköpun að smíða. Þetta verkefni æfir fínhreyfingar, einbeitingu og kennir þeim hvernig á að umgangast verkfæri.





Hér má sjá stúlkur á nýja kerrupallinum okkar þar sem þær eru í talningu og litaflokkun sem fellur beint undir stærðfræðina.



Hér eru börn í vettvangsferð þar sem þau fengu kakó og piparkökur í Eymundson en ákváðu að drekka úti en þar var notalegt og úr urðu skemmtilegar samræður á milli barna.



Hér eru stúlkur sem fóru fyrir jólin með skraut sem þær höfðu útbúið og skreyttu jólatré við Kirkjubæjarbrautina. Þarna voru þær að taka skrautið aftur niður því pappaskrautið þarf að fara í viðeigandi rusl.



Hér eru drengir einbeittir við það að skoða formin í umhverfi sínu og teikna þau á blað sem var síðar skoðað og við töldum öll formin sem við fundum, þau voru 43 talsins og ýmiskonar í laginu.



Hér eru litlu drengirnir okkar að æfa sig að leika saman með eldhúsið í sandkassanum. Það þarf mikla þolinmæði og æfingu í þessum leik.





Hér má sjá stúlkur og drengi að drullumalla en það er oft mikil æfing.

